




Skjalageymslur afhendingarskyldra aðila ríkisins

Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands 2021





ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Skjalageymslur afhendingarskyldra aðila ríkisins
Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands 2021

Ritstjórn:
Njörður Sigurðsson

Hönnun og umbrot:
Kría hönnunarstofa / Þjóðskjalasafn Íslands

Útgefandi:
Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík
590 3300
upplýsingar@skjalasafn.is
www.skjalasafn.is

© September 2021 Þjóðskjalasafn Íslands

ISSN 2735-8488

Skjalageymslur afhendingarskyldra aðila ríkisins

Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands 2021



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Efnisyfirlit

Formáli Þjóðskjalavarðar	3
1. Inngangur.....	4
1.1 Um eftirlitshlutverk Þjóðskjalasafns Íslands	4
1.2 Markmið könnunarinnar.....	4
1.3 Skipulag könnunarinnar	4
1.4 Framkvæmd og þátttaka.....	5
1.5 Svörun og úrvinnsla.....	5
2. Niðurstöður.....	7
2.1 Pappírsskjöl á 17.000 fermetrum	7
2.2 106.000 hillumetrar af pappírsskjölum	7
2.3 Gott ástand skjalageymslna að mati forstöðumanna	8
2.4 Áhugi er að skila yngri pappírsskjölum til Þjóðskjalasafns.....	8
3. Úrbætur og næstu skref í varðveislu pappírsskjala	9
3.1 Afhendingarskyldir aðilar ríkisins.....	9
3.2 Þjóðskjalasafn Íslands.....	9
4. Úrvinnsla og niðurstöður.....	11
4.1 Upplýsingar um skjalageymslur	11
4.2 Ósk um afhendingu pappírsskjala sem eru yngri en 30 ára gömul.....	14
Viðaukar.....	16
Viðauki 1 - Spurningalisti Þjóðskjalasafns um skjalageymslur afhendingarskyldra aðila ríkisins	17
Viðauki 2 – Bréf til forstöðumanna	19
Viðauki 3 – Listi yfir þá sem könnunin náði til.....	21

Formáli Þjóðskjalavarðar

Þjóðskjalasafn Íslands gerir nú öðru sinni könnun á skjalageymslum afhendingarskyldra aðila. Fyrir fimm árum var gerð úttekt á skjalageymslum Stjórnarráðs Íslands. Nú nær könnunin til mun fleiri aðila og er markmiðið að fá yfirsýn yfir geymsluaðstæður, umfang rýmis sem nýtt er undir skjalageymslur og viðhorf aðila til þess að hafa möguleika á að skila yngri gögnum en 30 ára til Þjóðskjalasafns.

Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn bera afhendingarskyldir aðilar ábyrgð á varðveislu og afgreiðslu úr gögnum sínum sem eru yngri en 30 ára. Síðustu misseri hefur borið mikið á því að ráðuneyti og stofnanir hafi óskað eftir að fá að afhenda yngri gögn, en erfitt hefur verið að verða við því. Könnun þessi leiðir hins vegar í ljós að mun stærri hluti afhendingarskyldra aðila vill afhenda yngri gögn en talið var. Skjalageymslur eru afar mikilvægur hlekkur í því að tryggja langtímavörslu og örugga meðferð skjala. Það á jafnt við hvort sem um ræðir varðveislurými Þjóðskjalasafns eða geymslur þeirra sem enn eru með umsýslu eigin gagna. Tryggt þarf að vera að öryggi sé ávallt fullnægjandi, bæði hvað varðar aðgang og varðveisluaðstæður. Tryggar skjalageymslur undir pappírskjöl vernda skjöl frá eyðileggingu, breytingu eða óheimilum aðgangi.

Niðurstöður könnunarinnar sýna einnig að umfang pappírskjala hefur aukist gífurlega á síðustu árum. Það má einkum rekja til þess að varðveisla rafræna gagna hefur ekki haldist í hendur við aukna áherslu ríkisins á rafræna stjórnsýslu. Ráðuneyti, stofnanir og fyrirtæki ríkisins nota yfir tvisvar sinnum meira rými undir skjöl sín en Þjóðskjalasafn notar fyrir allan sinn safnkost sem nær aftur til 12. aldar og til dagsins í dag. Ríkið notar því afar marga fermetra undir pappír, mest yngri gögn, en einnig skjöl sem á að vera búið að afhenda til Þjóðskjalasafns. Allt bendir til þess að það sé hagkvæmara fyrir ríkið að Þjóðskjalasafn taki við yngri pappírskjöllum og það þyrfti að skoða heildstætt fyrir hönd ríkisins.

Starfsfólk á skjala- og upplýsingasviði Þjóðskjalasafns sá um undirbúning og alla úrvinnslu eftirlitskönnunarinnar. Árni Jóhannsson, skjalavörður, hafði umsjón með könnuninni og vann tölulegar niðurstöður hennar. Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri, vann texta og braut um skýrsluna. Heidi Lind Hansson, skjalavörður, Kristjana Kristinsdóttir, fagstjóri og Margrét Gunnarsdóttir, skjalavörður, lásu skýrsluna yfir í drögum. Er þeim öllum þakkað gott verk.

17. september 2021

Hrefna Róbertsdóttir
þjóðskjalavörður

1. Inngangur

1.1 Um eftirlitshlutverk Þjóðskjalasafns Íslands

Markmið laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Lögin mynda ramma um opinbera skjalavörslu og skjalastjórn á Íslandi, bæði ríkis og sveitarfélaga. Opinber skjalasöfn, þ.e. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn, hafa það hlutverk að framfylgja ofangreindum lögum með því að taka til varðveislu skjöl afhendingarskyldra aðila og veita almenningi, fræðimönnum og stjórnvöldum aðgang að þeim. Eitt mikilvægasta stjórnsýsluhlutverk opinberra skjalasafna er að hafa eftirlit með því hvernig afhendingarskyldir aðilar framfylgja lögum um opinber skjalasöfn, reglugerðum sem ráðherra setur á grundvelli laganna og reglum sem Þjóðskjalasafn setur á grundvelli þeirra.

Eftirlit Þjóðskjalasafns hefur einkum verið með þeim hætti að gera úttekt á skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila með rafrænum spurningakönnunum. Þjóðskjalasafn hefur frá árinu 2012 gert reglulegar kannanir um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila sem ná til flestra þátta í þeirra skjalahaldi. Þessi skýrsla birtir niðurstöður eftirlitskönnunar á einum afmörkuðum þætti í skjalahaldi afhendingarskyldra aðila ríkisins, þ.e. skjalageymslum sem notaðar eru undir pappírsskjöl. Þetta er í annað skipti sem Þjóðskjalasafn kannar sérstaklega skjalageymslur en árið 2014 gerði safnið úttekt á skjalageymslum hjá Stjórnarráði Íslands.¹

1.2 Markmið könnunarinnar

Könnunin nær til skjalageymslna afhendingarskyldra aðila ríkisins sem notaðar eru undir pappírsskjöl þeirra. Á það skal bent að skv. 4. tölul. 13. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn ber afhendingarskyldum aðilum að veita starfsmönnum Þjóðskjalasafns aðgang að starfsstöðvum sínum vegna eftirlits á skjalavörslu og skjalastjórn þeirra.

Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um fjölda skjalageymslna, fermetrafjölda þeirra og ástand. Jafnframt að afla upplýsinga um þörf fyrir að skila yngri pappírsskjölum en 30 ára gömlum til Þjóðskjalasafns Íslands. Niðurstöðurnar nýtast Þjóðskjalasafni við að meta varðveisluaðstæður pappírsskjala ríkisins og áætla umfang pappírsskjala sem munu berast safninu á næstu árum. Þá gefa niðurstöðurnar færi á því að meta möguleikana sem eru á því að taka við yngri pappírsskjölum til varðveislu.

1.3 Skipulag könnunarinnar

Könnunin innihélt samtals 14 spurningar. Sumar spurningarnar birtust þó ekki þátttakendum sem svöruðu fyrir hönd tiltekinn afhendingarskyldra aðila nema önnur svör kölluðu á það að spurningu yrði svarað.

¹ Úttekt á skjalageymslum Stjórnarráðs Íslands. Heildarskýrsla. Ritstjórar Árni Jóhannsson og Njörður Sigurðsson. (Reykjavík 2016). <https://skjalasafn.is/files/docs/Uttekt-a-skjalageymslum-211016-01.pdf>

1.4 Framkvæmd og þátttaka

Við gerð könnunarinnar var haft að leiðarljósi að afla einungis grunnupplýsinga um skjalageymslurnar en ekki var spurt sérstaklega um ástand þeirra, s.s. hita og rakastig.

Spurningalistar voru sendir til allra ríkisstofnana og fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins sem teljast til afhendingarskyldra aðila samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og skulu þar af leiðandi hlíta eftirliti Þjóðskjalasafns. Útbúinn var listi yfir afhendingarskylda aðila ríkisins. Ákveðið var afhendingarskyldir aðilar með umfangslitla starfsemi, s.s. ráð, nefndir, sjóði og prestaköll, yrðu undanskilin í þessari könnun. Staða á skjalavörslu og skjalastjórn prestakalla var könnuð á fyrri hluta árs 2021 og verður skýrsla um stöðu þeirra gefin út á síðari hluta árs 2021. Þá náði könnunin ekki til þeirra sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasöfnum, og þar með afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns. Eftirlitskönnun um heildarstöðu skjalavörslu og skjalastjórnar þeirra var könnuð í upphafi árs 2021 og verður skýrsla með niðurstöðum gefin út á haustmánuðum.

Þann 9. júní 2021 var forstöðumönnum sent bréf sem upplýsti um að von væri á eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns Íslands. Í bréfinu var jafnframt tíundaður tilgangur og markmið könnunarinnar og bent á mikilvægi þess að taka þátt í henni. Könnunin var send til forstöðumanna afhendingarskyldra aðila ríkisins þar sem þeir bera ábyrgð á skjalavörslu og skjalastjórn viðkomandi aðila skv. 2. mgr. 22. gr. laga um opinber skjalasöfn. Það var á þeirra ábyrgð að könnuninni væri svarað, hvort sem þeir gerðu það sjálfir eða fólu öðrum að gera það.

Könnunin fór fram í gegnum könnunarkerfi Þjóðskjalasafns. Þann 14. júní 2021 var könnunin send rafrænt til forstöðumanna með tölvupósti og svarfrestur gefinn til 28. júní.

1.5 Svörun og úrvinnsla

Könnunin var send til 187 afhendingarskyldra aðila ríkisins, þ.e. embætta og stofnana ríkisins og fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins, og bærust svör frá 164 aðilum. Svarhlutfall var því 88%. Rétt er að hafa í huga að hér er ekki um viðhorfskönnun að ræða heldur upplýsingaöflun sem byggir á lögboðnu hlutverki Þjóðskjalasafns Íslands og því hefði verið eðlilegt að allir svöruðu könnuninni.

Í töflu 1.1 má sjá svarhlutfall afhendingarskyldra aðila skipt eftir ráðuneytum og fyrirtækjum ríkisins en í töflu 1.2 eru afhendingarskyldir aðilar flokkaðir eftir tegund og greint frá svarhlutfalli þeirra í hverjum málaflokki fyrir sig.

Ráðuneyti	Fjöldi aðspurðra	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	13	12	92%
Dómsmálaráðuneytið	41	38	93%
Félagsmálaráðuneytið	12	12	100%
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	8	6	75%
Forsætisráðuneytið	6	5	83%
Heilbrigðisráðuneytið	14	12	86%
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	54	47	87%
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið	7	4	57%
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	15	13	87%
Utanríkisráðuneytið	1	0	0%
Fyrirtæki í eigu ríkisins	16	15	94%
Samtals	187	164	88%

Tafla 1.1 Svarhlutfall afhendingarskyldra aðila ríkisins eftir ráðuneytum og fyrirtækjum ríkisins.

Stofnanahópar	Fjöldi aðspurðra	Fjöldi svara	Svarhlutfall
Dómstólar	10	9	90%
Eftirlitsstofnanir	20	19	95%
Framhaldsskólar	27	24	89%
Fyrirtæki	16	15	94%
Háskólar	4	4	100%
Heilbrigðisstofnanir	9	7	78%
Lögregla	10	10	100%
Menningarstofnanir	14	12	86%
Ráðuneyti	10	7	70%
Sýslumenn	9	7	78%
Aðrir afhendingarskyldir aðilar	58	50	86%
Samtals	187	164	88%

Tafla 1.2 Svarhlutfall eftir stofnanahópum afhendingarskyldra aðila.

2. Niðurstöður

Gerð er grein fyrir úrvinnslu og greiningu einstakra spurninga í kafla 4. Svör einstakra afhendingarskyldra aðila eru vistuð hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Svörin verða notuð til þess að efla ráðgjöf og auka samband milli afhendingarskyldra aðila og Þjóðskjalasafns í því skyni að bæta varðveislu pappírsskjala þeirra. Hér verða raktar helstu niðurstöður könnunarinnar og ályktað hvernig þurfi að bregðast við.

2.1 Pappírsskjöl á 17.000 fermetrum

Þeir 164 afhendingarskyldu aðilar ríkisins sem svöruðu könnuninni geyma pappírsskjöl á samtals 15.000 fermetrum. Þá eru ótaldir þeir aðilar sem ekki svöruðu könnuninni. Því má ætla að rúmir 17 þúsund fermetrar fari undir geymslu á pappírsskjölum hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins. Alls eru 323 skjalageymslurými hjá þeim 164 ríkisaðilum sem svöruðu könnuninni. Ef áætlað er að greidd sé leiga upp á kr. 2.000–3.000 fyrir hvern fermetra á mánuði er kostnaður ríkisins við þessar pappírsgeymslur um 400 til 600 m.kr. á ári. Til samanburðar má geta þess að geymsluhúsnæði Þjóðskjalasafns telur tæplega 7 þúsund fermetra. Í safninu eru geymd skjöl ríkisins frá upphafi og til dagsins í dag auk einkaskjala. Pappírsskjöl hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins eru því varðveitt í meira en tvöfalt stærra húsnæði en allur safnkostur Þjóðskjalasafns. Í mörgum tilfellum eru skjölin geymd í skrifstofuhúsnæði viðkomandi aðila.

Hagræða má verulega hjá ríkinu með því að minnka þörf fyrir geymsluhúsnæði undir pappírsskjölum hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins. Í fyrsta lagi þarf að innleiða rafræna skjalavörslu hjá ríkinu en það hefur gengið of hægt. Með því minnkar þörf á húsnæði undir pappírsskjölum. Í öðru lagi þarf að tryggja Þjóðskjalasafni nægt húsnæði til að geta tekið við pappírsskjölum frá afhendingarskyldum aðilum til varðveislu. Í Þjóðskjalasafni eru að jafnaði betri geymslur auk þess sem hver fermetri nýtist betur en hjá stofnunum, embættum og fyrirtækjum ríkisins. Þá þarf að skoða hvort að Þjóðskjalasafn geti tekið við yngri pappírsskjölum en 30 ára gömlum til hagræðingar fyrir ríkið í heild. Í þriðja lagi þarf að setja skýrari reglur um varðveislu og grisjun gagna afhendingarskyldra aðila, bæði á pappír og á rafrænu formi. Þannig má betur tryggja varðveislu til lengri tíma og sömuleiðis getur það svarað spurningum um hverju er heimilt að eyða.

2.2 106.000 hillumetrar af pappírsskjölum

Gera má ráð fyrir að um 106.000 hillumetrar af pappírsskjölum séu nú þegar varðveittir hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins. Á tæpum áratug hefur umfang pappírsskjala hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins aukist um 112%. Helsta ástæða aukningar pappírsumfangs hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins er hversu hægt gengur að innleiða rafræna skjalavörslu hjá ríkinu. Afleiðingin af því að forgangsraða ekki fjármunum í langtímarvarðveislu rafræna gagna verður sú að pappírsmagn mun aukast ár frá ári. Þessi þróun verður samhliða því að aukin áhersla er lögð á rafræna stjórnarsýslu. Afleiðingin verður sú að geymsluhúsnæði undir pappírsskjölum bæði hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins og Þjóðskjalasafni Íslands sem tekur svo við skjölunum til langtímarvarðveislu eykst. Þetta var ein af meginniðurstöðum eftirlitskönnunar með skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins árið 2020. Niðurstöður þessarar könnunar sýna að pappírsmagn hjá ríkinu heldur áfram að margfaldast vegna þess að rafræn skjalavarsla er ekki innleidd hjá ríkinu. Ef áætlað er að eyða megi um 20–30% af skjölunum munu 77.000 til 88.000 hillumetrar af pappírsskjölum berast Þjóðskjalasafni á næstu 30 árum. Við það myndi safnkostur Þjóðskjalasafns Íslands þrefaldast.

2.3 Gott ástand skjalageymslna að mati forstöðumanna

Alls töldu 73% forstöðumanna afhendingarskyldra aðila ríkisins að ástand skjalageymslna þeirra væri almennt gott en 19% töldu það vera í sæmilegu ástandi. 8% töldu ástandið í skjalageymslu slæmt. Samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn ber forstöðumaður afhendingarskylds aðila ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu viðkomandi aðila, þ.m.t. að unnið sé í samræmi við fyrirmæli laga og reglna þar að lútandi. Það er á hans ábyrgð að sjá til þess að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að vernda skjöl afhendingarskylds aðila fyrir ólöglegri eyðileggingu, breytingu og óleyfilegum aðgangi. Það er m.a. gert með því að hafa skjalageymslur undir pappírsskjöl sem vernda skjölin. Þó að svo margir forstöðumenn telja að ástand skjalageymslna sé almennt gott hefur aðeins 21 afhendingarskyldur aðili fengið skjalageymslu sína formlega samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands. Slíkt samþykki tryggir að lágmarkskröfum sé fylgt. Þjóðskjalasafn mun halda áfram að minna á og aðstoða afhendingarskylda aðila við að senda inn óskir um samþykkt á skjalageymslum.

2.4 Áhugi er að skila yngri pappírsskjölum til Þjóðskjalasafns

Alls vildu 55 af 164 afhendingarskyldum aðilum ríkisins afhenda pappírsskjöl sem eru yngri en 30 ára til safnsins en meginreglan er sú að pappírsskjöl séu afhent þegar þau hafa náð þeim aldri. Ástæður þess að afhendingarskyldir aðilar vilja afhenda yngri pappírsskjöl eru m.a. plássleysi, öryggi og varðveisla skjalanna, skjöl eru ekki lengur í notkun og að viðkomandi aðilar hefðu skjöl frá niðurlögðum embættum í sínum fótum. Alls vilja þessir 55 aðilar afhenda 7.390 hillumetra af pappírsskjölum sem eru yngri en 30 ára til Þjóðskjalasafns. Í áherslum og viðmiðum ríkisins í húsnæðismálum stofnana er gert ráð fyrir að rafræn skjalavarsla muni minnka þörf stofnana á skjalageymslum.² Samhliða innleiðingu á nýrri stefnu ríkisins um húsnæði má gera ráð fyrir aukinni þörf til að skila inn yngri skjölum til Þjóðskjalasafns.

Að mati Þjóðskjalasafns væri hagkvæmt fyrir ríkið í heild að safnið tæki til varðveislu yngri skjöl. Hagkvæmnin felst í því að minna geymsluhúsnæði þarf hjá afhendingarskyldum aðilum og mikil stærðarhagkvæmni er í geymsluhúsnæði Þjóðskjalasafns. Auk þess má gera ráð fyrir að varðveisla pappírsskjala sé betur tryggð í sérhæfðum skjalageymslum Þjóðskjalasafns en í geymsluhúsnæði afhendingarskyldra aðila. Rétt er þó að benda á að forsenda þess að Þjóðskjalasafn geti tekið við yngri pappírsskjölum til varðveislu er annars vegar að safninu sé tryggt viðunandi húsnæði til að varðveita skjölin og hins vegar að safninu sé tryggt aukið fjármagn til að mæta þeim kostnaði sem af því hlýst að taka við yngri skjölum. Í gjaldskrá sem er í vinnslu í Þjóðskjalasafni og mennta- og menningarmálaráðuneytinu er m.a. kveðið á um gjald fyrir varðveislu pappírsskjala sem eru yngri en 30 ára.

² *Vidmið um vinnuumhverfi. Leiðbeiningar um þróun húsnæðis og starfsaðstöðu ríkisaðila*, bls. 33. Framkvæmdasýsla ríkisins 2020. <https://www.fsr.is/media/frettir/Vidmid-um-vinnuumhverfi-2020.pdf>

3. Úrbætur og næstu skref í varðveislu pappírsskjala

Einn tilgangur eftirlitskönnunarinnar var að afla upplýsinga um skjalageymslur afhendingarskyldra aðila svo að hægt sé að bæta varðveisluaðstæður pappírsskjala afhendingarskyldra aðila ríkisins. Í því felst m.a. afhendingarskyldir aðilar meti hvar úrbóta er þörf og í framhaldinu verði ráðist í aðgerðir. Þjóðskjalasafn Íslands fær einnig mikilvægar upplýsingar um varðveislu pappírsskjala afhendingarskyldra aðila og getur út frá þeim forgangsraðað þeim verkefnum um skjalageymslur sem snúa að reglusetningu, ráðgjöf og fræðslustarfi til afhendingarskyldra aðila.

3.1 Afhendingarskyldir aðilar ríkisins

1. *Innleiða þarf rafræna skjalavörslu.* Umfang pappírsskjala hefur vaxið verulega á síðustu misserum hjá afhendingarskyldum aðilum. Ástæðan er fyrst og fremst sú að ríkið hefur ekki sinnt innleiðingu rafrænnar skjalavörslu hjá afhendingarskyldum aðilum af nægilegum krafti. Nauðsynlegt er að ríkið setji sér markmið og fjármagni innleiðingu afhendingarskyldra aðila á rafrænni skjalavörslu. Með því verður kleift að tilkynna rafrænu gagnasöfnin sem eru í notkun og í framhaldinu afhenda gögn úr þeim. Samhliða þarf fjármagn til Þjóðskjalasafns svo að safnið geti tekið óhindrað við rafrænum gögnum og sinnt ráðgjöf og eftirliti um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila. Samkvæmt eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila ríkisins árið 2020 eru um 1.400 rafræn gagnasöfn í notkun hjá ríkinu.
2. *Afhendingarskyldir aðilar fá skjalageymslur samþykktar.* Of fáir afhendingarskyldir aðilar ríkisins hafa fengið skjalageymslur samþykktar af Þjóðskjalasafni Íslands. Þessu þarf að breyta og fá fleiri skjalageymslur samþykktar. Þannig má tryggja að þær uppfylli lágmarkskröfur um varðveislu pappírsskjala.
3. *Afhendingarskyldir aðilar hugi að grisjunarheimildum.* Ein leið til að minnka umfang pappírsskjala hjá afhendingarskyldum aðilum er að skjölum, sem hafa lítið eða tímabundið gildi, sé eytt reglulega. Hafi Þjóðskjalasafn ekki sett reglur um eyðingu gagna þá getur afhendingarskyldur aðili sótt um eyðingu skjala til safnsins. Mikilvægt er að afhendingarskyldir aðilar hugi að grisjunarheimildum sem þeir hafa nú þegar og sækji um heimild til Þjóðskjalasafns til eyðingar á skjölum sem þeir telja að megi eyða.
4. *Afhenda þarf pappírsskjöl sem eru eldri en 30 ára gömul.* Í eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila ríkisins árið 2020 kom í ljós að 2.229 hillumetrar af pappírsskjölum sem eru eldri en 30 ára gömul eru enn hjá afhendingarskyldum aðilum. Lögum samkvæmt eiga þessi skjöl að vera komin til varðveislu til Þjóðskjalasafns. Brýnt er að þessi skjöl verði afhent til safnsins.

3.2 Þjóðskjalasafn Íslands

1. *Auka þarf geymslupláss Þjóðskjalasafns undir pappírsskjöl.* Ljóst er að mikið umfang pappírsskjala hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins kallar á aukið geymslupláss hjá Þjóðskjalasafni. Gera ráð fyrir að á næstu 30 árum berist Þjóðskjalasafni um 77.000 til 88.000 hillumetrar af pappírsskjölum frá ríkinu til varðveislu. Það þýðir að pappírssafnkostur Þjóðskjalasafns muni aukast um 171-196% á næstu 30 árum.

2. Þjóðskjalasafn taki við pappírsskjölum yngri en 30 ára gömlum. Að mati Þjóðskjalasafns má betur tryggja örugga varðveislu pappírsskjala ríkisins með því að stuðla að afhendingu yngri pappírsskjala en 30 ára gömlum til Þjóðskjalasafns. Með því yrði hægt að losa, oft á tíðum óhentugt og dýrt, húsnæði afhendingarskyldra aðila ríkisins. Auk þess má gera ráð fyrir að ná megi fram verulegri hagræðingu í húsnæðismálum ríkisins. Forsenda þess að þetta sé hægt er að Þjóðskjalasafni sé tryggt viðunandi skjalageymsluhúsnæði og að gjaldskrá verði sett svo safnið geti innheimt gjald fyrir þann kostnað sem hljóttast myndi af varðveislu yngri skjala. Samhliða afhendingu yngri pappírsskjala þarf ríkið að gera átak í rafrænni skjalavörslu.
3. Gert verði átak í að fá skjalageymslur afhendingarskyldra aðila ríkisins samþykktar. Á meðan afhendingarskyldir aðilar hafa pappírsskjöl í sinni varðveislu er nauðsynlegt að tryggja að skjalageymslur uppfylli lágmarkskröfur. Skjalageymslurnar þarf að samþykka formlega af hálfu Þjóðskjalasafns.
4. Setja reglur um varðveislu og grisjun skjala. Gera má ráð fyrir að hluti af þeim 106.000 hillumetrum af pappírsskjölum sem eru varðveittir hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins hafi aðeins tímabundið gildi og megi því eyða að þeim tíma liðnum. Þjóðskjalasafn þarf að halda áfram vinnu við að setja reglur um hvaða skjöl ber að varðveita og hvaða skjöl heimilt er að eyða. Með því verður skýrara hvaða skjöl ber að varðveita og hverju megi eyða og getur það létt á skjalageymslum afhendingarskyldra aðila.


4. Úrvinnsla og niðurstöður

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum könnunarinnar í einstökum liðum en hægt er að sjá spurningalistann í heild sinni í viðauka 1. Í töflum og skýringarmyndum hér á eftir er miðað við heildartölu þeirra sem svöruðu hverri spurningu.

4.1 Upplýsingar um skjalageymslur

Fyrsti hluti könnunarinnar var um almennar upplýsingar afhendingarskylds aðila. Í öðrum hluta var aflað upplýsinga um skjalageymslur. Skjalageymsla er það rými sem notað er til að geyma pappírsskjöl. Skjalageymsla á að tryggja varðveislu og verndun pappírsskjala með viðeigandi húsnæði, umhverfi, hirslum, umbúðum og meðhöndlun. Spurt var hvort að afhendingarskyldur aðili hefði yfir pappírsskjalageymslum að ráða (spurning 2.1) og ef svo væri hversu mörg rými viðkomandi aðili hefði undir skjalageymslur (spurning 2.2), hvað skjalageymslurými væru samtals margir fermetrar (spurning 2.3), hvort skjalageymslan hefði verið samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands (spurning 2.4) og hversu margir hillumetrar af pappírsskjölum væru varðveittir í skjalageymslunum (spurning 2.5). Þá var spurt hvort að ábyrgðarmaður skjalavörslu og skjalastjórnar, þ.e. forstöðumaður, teldi ástand skjalageymslunnar gott (spurning 2.6). Ef afhendingarskyldur aðili sagðist ekki hafa sérstakar skjalageymslur undir pappírsskjöl var spurt hvar skjölin væru geymd (spurning 2.7) og hversu margir fermetrar færu undir geymslu þeirra (spurning 2.8).

4.1.1 Hefur afhendingarskyldi aðilinn sérstakar skjalageymslur fyrir pappírsskjöl?



Svar	Fjöldi	%
Já	141	86%
Nei	23	14%
Alls	164	100%

Niðurstaða: Alls sögðust 86% afhendingarskyldra aðila ríkisins (141 afhendingarskyldur aðili) vera með sérstakar skjalageymslur fyrir pappírsskjöl en 14% (23 afhendingarskyldir aðilar) ekki hafa slíkar geymslur.


4.1.2 Hversu mörg rými hefur afhendingarskyldi aðilinn undir skjalageymslur fyrir pappírsskjöl?

Niðurstaða: Samtals hafði 141 afhendingarskyldur aðili yfir að ráða 323 rýmum undir skjalageymslur, eða að meðaltali 2,3 skjalageymslur á hvern afhendingarskyldan aðila. Sá afhendingarskyldi aðili sem hafði flest skjalageymslurými hafði 15 rými.

4.1.3 Hvað er / eru skjalageymslan / skjalageymslurnar samtals margir fermetrar (m²)?

Niðurstaða: Fjöldi fermetra sem fara undir skjalageymslur hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins sem svöruðu könnuninni eru 14.275. Að meðaltali er því 101 fermetri af skjalageymslum hjá hverjum afhendingarskyldum aðila. Stærsta skjalageymslan er 2.200 fermetrar en sú minnsta þrjár fermetrar.

4.1.4 Hefur skjalageymslan verið samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands?



Svar	Fjöldi	%
Já	33	23%
Nei	108	77%
Alls	141	100%

Niðurstaða: Afhendingarskyldir aðilar sem voru með skjalageymslu voru spurðir hvort að hún væri samþykkt af Þjóðskjalasafni. Samþykki á skjalageymslu er til að tryggja að lágmarkskröfum sé fylgt til að vernda skjöl afhendingarskylds aðila fyrir ólöglegri eyðileggingu, breytingu og óleyfilegum aðgangi sbr. 4. mgr. 22. gr. laga um opinber skjalasöfn. Hér er t.d. átt við að skjalageymslan sé varin gegn mengun og eldi, hún sé þjófheld og hita- og rakastig sé ásættanlegt. Alls sögðust 23% afhendingarskyldra aðila ríkisins (33 afhendingarskyldur aðili) vera með samþykki fyrir skjalageymslu frá Þjóðskjalasafni Íslands en 77% (108 afhendingarskyldir aðilar) sögðust ekki vera með samþykki. Við skoðun á gögnum Þjóðskjalasafns kom í ljós að af þeim 33 sem sögðust hafa samþykta skjalageymslu hafði í raun aðeins 21 fengið samþykki fyrir henni. Því voru í raun aðeins 15% svarenda sem höfðu fengið samþykki fyrir skjalageymslu.


4.1.5 Hvað eru margir hillumetrar pappírskjala varðveittir í skjalageymslunni / skjalageymslunum?

Niðurstaða: Af þeim 141 afhendingarskylda aðila sem sagðist búa yfir skjalageymslum gátu 135 gefið upp tölur um hversu margir hillumetrar af pappírskjöllum væru varðveittir í skjalageymslunum, en þó voru margir sem áætluðu umfangið. Samtals eru varðveittir 90.226 hillumetrar hjá þessum 135 afhendingarskyldum aðilum ríkisins. Að meðaltali varðveittir því hver þessara aðila um 668 hillumetra. Sá afhendingarskyldi aðili sem varðveitti flesta hillumetra pappírskjala var með 25.800 hillumetra í skjalageymslum og sá sem hafði minnst umfang var með einn hillumetra. Miðað við meðaltal hillumetra á hvern afhendingarskyldan aðila má áætla að um 16.000 hillumetrar séu hjá þeim aðilum sem ekki svöruðu könnuninni eða gátu ekki gefið upp fjölda hillumetra. Því má áætla að heildarumfang pappírskjala hjá afhendingarskyldum aðilum sé um 106.000 hillumetrar.

Í eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins árið 2012 var áætlað út frá svörum afhendingarskyldra aðila að um 50.000 hillumetrar af pappírskjöllum væru hjá ríkisaðilum, árið 2016 var sú tala komin upp í 70.000 hillumetra og árið 2020 var áætlað að um 95.000 hillumetrar væru varðveittir hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins.³ Svör í þeirri könnun sem eru hér til umfjöllunar gefa til kynna að umfang pappírskjala afhendingarskyldra aðila ríkisins hafi vaxið um 112% á tæpum áratug. Á milli árunna 2020 og 2021 virðist pappírsumfangið hafa vaxið um 12%. Hér er um gífurlega aukningu á pappírsumfangi að ræða. Ætla má að hluti af skýringunni sé að afhendingarskyldir aðilar hafi betra yfirlit yfir pappírskjöl sín en áður og því hafi


³ Könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu ríkisins 2012. Ritstjórar Hrafnhildur Ragnarsdóttir og Njörður Sigurðsson. (Reykjavík 2013), bls. 36. https://skjalasafn.is/files/docs/2012_skjalavarsla_rikis_konnun.pdf. Skjalavarsla og skjalastjórn ríkisins 2016. Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands. Ritstjórar Ármi Jóhannsson og Njörður Sigurðsson. (Reykjavík 2017), bls. 37. <https://skjalasafn.is/files/docs/Skjalavarsla-skjalastjorn-rikisins-2016.pdf>. Skjalavarsla og skjalastjórn ríkisins 2020. Niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands. Ritstjóri Njörður Sigurðsson. (Reykjavík 2020), bls. 38. <https://skjalasafn.is/files/docs/skjalavarsla-skjalastjorn-rikisins-2020.pdf>.

umfang í fyrri könnunum verið vanmetið. Þó er ljóst að umfang pappírsskjala ríkisins hefur vaxið mikið á síðustu árum. Ástæðuna má fyrst og fremst rekja til þess að ríkið hefur ekki hugað að varðveislu gagna stjórnsýslunnar á rafrænu formi að nægri festu. Þessi þróun gerist á sama tíma og ríkið leggur meiri áherslu á rafræna stjórnsýslu og hvetur stofnanir og fyrirtæki ríkisins til að taka skref í þá átt. Nauðsynlegt er að samhliða aukinni rafrænni stjórnsýslu sé varðveisla rafrænna gagna tryggð. Þetta var ein af meginniðurstöðum eftirlitskönnunar með skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins árið 2020. Ljóst er að umfang pappírsskjala mun halda áfram að vaxa hjá ríkinu ef fjármagni er ekki forgangsraðað í þágu langtíma varðveislu rafrænna gagna.



Mynd 4.1.5 Aukning á umfangi pappírsskjala hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins 2012-2021 í hillumetrum.

4.1.6 Telur ábyrgðarmaður skjalavörslu og skjalastjórnar afhendingarskylda aðilans að ástand skjalageymslu sé gott?



Svar	Fjöldi	%
Já	103	73%
Nei	11	8%
Sæmilegt	27	19%
Alls	141	100%

Niðurstaða: Þeir 141 afhendingarskyldu aðilar sem sögðust búa yfir skjalageymslum voru spurðir hvort að sá sem ábyrgð bæri á skjalavörslu og skjalastjórn teldi að ástand skjalageymslna væri gott. Forstöðumaður afhendingarskylds aðila ber ábyrgð á skjalastjórn og skjalavörslu viðkomandi aðila, þ.m.t. að unnið sé í samræmi við fyrirmæli laga og reglna þar að lútandi, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga um opinber skjalasöfn. Það er á ábyrgð forstöðumanna að grípa til viðeigandi ráðstafana til þess að vernda skjöl afhendingarskylds aðila fyrir ólöglegri eyðileggingu, breytingu og óleyfilegum aðgangi sbr. 4. mgr. sömu greinar. Það er m.a. gert með því að hafa tiltækar skjalageymslur undir pappírsskjöl sem vernda skjölin.

Alls töldu 73% (103 afhendingarskyldir aðilar) að ástand skjalageymslunnar væri gott, 8% (11 afhendingarskyldir aðilar) töldu hana ekki vera í góðu ástandi og 19% (27 afhendingarskyldir aðilar) sögðu hana vera í sæmilegu ástandi. Því telur langstærstur hluti, eða 92%, afhendingarskyldra aðila að skjalageymslur séu góðar eða sæmilegar. Mikilvægt er að skjalageymslur séu samþykktar en með samþykki á skjalageymslu er tryggt að lágmarkskröfum sem gerðar eru til þeirra sé fylgt.

4.1.7 Hvar eru pappírsskjöl geymd ef afhendingarskyldur aðili býr ekki að skjalageymslu?


Niðurstaða: Þeir 23 afhendingarskyldu aðilar sem sögðust ekki hafa skjalageymslur voru spurðir hvar pappírsskjöl væru þá geymd. Svörin voru ýmist að skjölin væru geymd í skjalaskáp á skrifstofu, í hillum á skrifstofu eða í herbergi eða geymslu í húsnæði viðkomandi aðila sem ekki uppfyllti skilyrði sem gerð er til skjalageymslu.

Jafnframt var spurt hversu margir fermetrar færu undir pappírsskjöl hjá þeim aðilum sem ekki hefðu skjalageymslur og svöruðu þeir til að þeir væru 721. Því er ljóst að þeir 164 afhendingarskyldu aðilar sem svöruðu könnuninni geyma pappírsskjöl á samtals um 15 þúsund fermetrum. Þá eru ótaldir fermetrar sem fara undir pappírsskjöl hjá þeim aðilum sem ekki svöruðu könnuninni. Því má ætla að rúmir 17 þúsund fermetrar fari undir geymslu á pappírsskjölum hjá afhendingarskyldum aðilum ríkisins.

4.2 Ósk um afhendingu pappírsskjala sem eru yngri en 30 ára gömul

Í þriðja hluta könnunarinnar var spurt hvort að afhendingarskyldur aðili vildi afhenda yngri pappírsskjöl en 30 ára gömul til Þjóðskjalasafns en samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn skal afhenda pappírsskjöl þegar þau hafa náð þeim aldri. Þjóðskjalavörður hefur þó heimild til að leyfa afhendingu á yngri skjölum í einstökum tilvikum ef sérstakar ástæður mæla með því. Tilgangur þessarar upplýsingaöflunar var að kanna vilja og þörf afhendingarskyldra aðila til að afhenda yngri skjöl. Spurt var um hvort að afhendingarskyldur aðili vildi afhenda pappírsskjöl sem væru yngri en 30 ára gömul (spurning 3.1). Ef viðkomandi aðili vildi afhenda yngri skjöl var spurt um ástæður þess (spurning 3.2) og hversu marga hillumetra af pappírsskjölum, sem væru yngri en 30 ára gömul, afhendingarskyldur aðili myndi vilja afhenda (spurning 3.3).


4.2.1 Vill afhendingarskyldur aðili afhenda pappírsskjöl til Þjóðskjalasafns sem eru yngri en 30 ára?



Svar	Fjöldi	%
Já	55	39%
Nei	86	61%
Alls	141	100%

Niðurstaða: Afhendingarskyldir aðilar sem sögðust hafa skjalageymslur voru spurðir hvort þeir vildu afhenda pappírsskjöl sem væru yngri en 30 ára gömul. Alls svöruðu 39% (55 afhendingarskyldir aðilar) því að vilji væri til að afhenda pappírsskjöl sem væru yngri en 30 ára gömul til Þjóðskjalasafns en meirihlutinn, 61% (86 afhendingarskyldir aðilar) vildu það ekki.

4.2.2 Hvers vegna vill afhendingarskyldur aðili afhenda pappírsskjöl sem eru yngri en 30 ára gömul?



Svar	Fjöldi	%
1 Plássleysi/flutningar	22	40%
2 Niðurlögð embætti	10	18%
3 Skjöl ekki lengur í notkun	6	11%
4 Öryggi/varðveisla	10	18%
5 Rafræn skjalavarsla	2	4%
6 Annað	5	9%
Alls	55	100%

Niðurstaða: Þeir 55 afhendingarskyldu aðilar sem vildu afhenda skjöl sem voru yngri en 30 ára voru spurðir um ástæðu þess. Flestir, eða 40% (22 afhendingarskyldu aðilar), sögðu plássleysi eða fyrirhugaða flutninga vera ástæðu þess að þeir vildu skila inn yngri skjölum, 18% (10 afhendingarskyldir aðilar) höfðu í sinni vörslu skjöl niðurlagðra embætta sem þeir vildu skila en þar er oftast um að ræða skjalasöfn forvera afhendingarskylds aðila sem svaraði könnuninni. Þá töldu jafnmargir, eða 18% (10 afhendingarskyldir aðilar) að öryggi og varðveisla skjalanna yrði betur tryggð í Þjóðskjalasafni. 11% (6 afhendingarskyldir aðilar) svarenda sögðu að skjöl sem áhugi væri á að skila til Þjóðskjalasafns og væru yngri en 30 ára væru ekki lengur í notkun og 4% (2 afhendingarskyldir aðilar) nefndu að rafræn skjalavarsla minnkaði þörf á að hafa pappírsskjöl við höndina. Þá gáfu 9% (5 afhendingarskyldir aðilar) svarenda upp aðrar ástæður, s.s. að eðlilegt væri að afhenda yngri skjöl ásamt eldri skjölum svo að samhengi þeirra rofnaði ekki.

4.2.3 Hversu marga hillumetra af pappírsskjölum sem eru yngri en 30 ára gömul vill afhendingarskyldur aðili afhenda?

Niðurstaða: Þeir 55 afhendingarskyldu aðilar sem vildu afhenda pappírsskjöl sem eru yngri en 30 ára gömul voru spurðir um umfang þeirra skjala í hillumetrum. Samtals er þörf á að afhenda til Þjóðskjalasafns 7.390 hillumetra af pappírsskjölum. Einn afhendingarskyldur aðili vildi afhenda 2.500 hillumetra af pappírsskjölum sem eru yngri en 30 ára gömul og var það mesta umfangið hjá einum aðila. Að auki má geta þess að samkvæmt upplýsingum sem aflað var í eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila ríkisins árið 2020 eru 2.229 hillumetrar af pappírsskjölum sem eru eldri en 30 ára gömul í vörslu ríkisaðila og eiga lögum samkvæmt að vera komin til vörslu á Þjóðskjalasafn Íslands.⁴

⁴ Skjalavarsla og skjalastjórn ríkisins 2020, bls. 9.

Viðaukar

Viðauki 1 - Spurningalisti Þjóðskjalasafns um skjalageymslur afhendingarskyldra aðila ríkisins

Eftirlitskönnun um skjalageymslur afhendingarskyldra aðila ríkisins

1. Upplýsingar um afhendingarskyldan aðila

1.1 Hvert er heiti afhendingarskylda aðilans? *

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

1.2 Starfsheiti þess sem svarar könnuninni: *

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

2. Upplýsingar um skjalageymslur

2.1 Hefur afhendingarskyldi aðilinn sérstakar skjalageymslur fyrir pappírsskjöl? *

- Já
- Nei

2.2 Hversu mörg rými hefur afhendingarskyldi aðilinn undir skjalageymslur fyrir pappírsskjöl? *

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

2.3 Hvað er skjalageymsla/skjalageymslur samtals margir fermetrar(m²)? *

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

2.4 Hefur skjalageymslan verið samþykkt af Þjóðskjalasafni Íslands? *

- Já
- Nei

2.5 Hvað eru margir hillumetrar pappírsskjala varðveittir í skjalageymslunni/skjalageymslunum? *

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

2.6 Telur ábyrgðarmaður skjalavörslu og skjalastjórnar afhendingarskylda aðilans að ástand skjalageymslu sé gott? *

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

2.7 Hvar eru pappírsskjöl geymd ef afhendingarskyldur aðili býr ekki að skjalageymslu? *

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

2.8 Hvað fara margir fermetrar undir geymslu á pappírsskjölum (hjá aðilum sem hafa ekki skjalageymslur)? *

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

3. Ósk um afhendingu pappírsskjala yngri en 30 ára gömul

3.1 Vill afhendingarskyldur aðili afhenda pappírsskjöl til Þjóðskjalasafns sem eru yngri en 30 ára? *

- Já
- Nei

3.2 Vinsamlegast tilgreinið ástæður fyrir því að afhendingarskyldur aðili vill afhenda pappírsskjöl sem eru yngri en 30 ára? *

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

3.3 Vinsamlegast tilgreinið hversu marga hillumetra af skjölum yngri en 30 ára afhendingarskyldur aðili myndi vilja afhenda? *

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:

3.4 Annað sem afhendingarskyldur aðili vill taka fram varðandi könnunina eða koma á framfæri við Þjóðskjalasafn Íslands? *

Vinsamlegast skrifaðu svarið hér:



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Til afhendingarskyldra aðila ríkisins

Reykjavík 9. júní 2021
Tilv. 2001009/2.6.2

Efni: Könnun á skjalageymslum afhendingarskyldra aðila ríkisins 2021

Þjóðskjalasafn Íslands hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að vera framkvæmdaraðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar. Það setur reglur um skjalavörslu og skjalastjórn og á jafnframt að hafa eftirlit með því að afhendingarskyldir aðilar ríkisins og sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni, fylgi lögum og reglum. Afhendingarskyldir aðilar eru skilgreindir í 1. og 2. mgr. 14. gr. ofangreindra laga.

Frá árinu 2004 hefur Þjóðskjalasafn kannað stöðu allra þátta skjalavörslu og skjalastjórnar afhendingarskyldra aðila með rafrænum eftirlitskönnunum á fjögurra ára fresti. Síðasta eftirlitskönnun safnsins um skjalavörslu og skjalastjórn ríkisins var gerð árið 2020 og hefur skýrsla með niðurstöðum hennar verið gefin út og er hún aðgengileg á vef Þjóðskjalasafns.

Nú er ástæða til að kanna sérstaklega skjalageymslur afhendingarskyldra aðila ríkisins fyrir pappírskjöl. Markmiðið er að afla upplýsinga um fjölda skjalageymsla, fermetrafjölda þeirra og ástand. Jafnframt að afla upplýsinga um þörf fyrir að skila yngri pappírskjölum en 30 ára gömlum til Þjóðskjalasafns. Niðurstöðurnar nýtast Þjóðskjalasafni við að meta varðveisluáðstæður pappírskjala ríkisins, áætla umfang pappírskjala sem munu berast safninu á næstu árum og skoða möguleika að taka við yngri skjölum til varðveislu.

Afar mikilvægt er að allir afhendingarskyldir aðilar ríkisins svari könnuninni. Rétt er að hafa í huga að hér er ekki um skóðanakönnun að ræða heldur upplýsingaöflun sem byggir á lögboðnu hlutverki Þjóðskjalasafns og því vinsamlegast farið fram á að allir svari.

Samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn ber forstöðumaður ábyrgð á skjalavörslu og skjalastjórn síns embættis, stofnunar eða fyrirtækis, þ.m.t. að unnið sé í samræmi við lög og reglur sem fyrir er getið. Þetta bréf er því sent til forstöðumanna en gert er ráð fyrir að þeir feli skjalastjóra eða skjalaverði að svara könnuninni, ef slíkur starfsmaður er fyrir hendi.

Könnunin verður send rafrænt til forstöðumanna 14. júní 2021 og þess farið á leit að henni sé svarað eigi síðar en 28. júní næstkomandi. Árni Jóhannsson skjalavörður hefur umsjón með verkinu. Beina má spurningum til hans á pósthfangið skjalavarsla@skjalasafn.is.

Virðingarfyllt,

Hrefna Róbertsdóttir
Þjóðskjalavörður

Árni Jóhannsson <arni@skjalasafn.is>

Til : Skjalavarsla-THSK <skjalavarsla@skjalasafn.is>
Frá : Árni Jóhannsson <arni@skjalasafn.is>
Heiti : Könnun um skjalageymslur afhendingarskyldra aðila ríkisins 2021 ? Forstöðumenn
Málsnúmer. : 2105023
Málsaðili : Þjóðskjalasafn Íslands
Skráð dags : 14.6.2021 10:17:13
Höfundur : Árni Jóhannsson <arni@skjalasafn.is>

Kæri viðtakandi,

Þjóðskjalasafn Íslands sendi bréf til allra forstöðumanna/framkvæmdastjóra ríkisins þann 9. júní sl., sem er að finna í viðhengi, er varðar könnun Þjóðskjalasafns Íslands á skjalageymslum afhendingarskyldra aðila ríkisins. Er farið fram á að forstöðumenn/framkvæmdastjóri eða skjalastjóri/skjalavörður viðkomandi aðila svari könnuninni eigi síðar en 28. júní næstkomandi.

Um er að ræða stutta könnun og er spurt um fjölda skjalageymslna, fermetrafjölda og ástand skjalageymslu ásamt þörf á að skila yngri pappírsskjölum en 30 ára gömlum. Skylt er að svara öllum spurningum sem birtast þeim er svarar.

Rétt er minna á að hér er ekki um skoðanakönnun að ræða heldur upplýsingaöflun sem byggir á lögboðnu hlutverki Þjóðskjalasafns og því er vinsamlegast farið fram á að allir svari.

Hægt er að vista könnunina og halda áfram síðar ef þarf að afla upplýsinga um svör sem þarf að veita. Vert er að benda á það að vista í hvert skipti sem frá þarf að hverfa því annars er hætta á að svör sem hafa verið gefin tapist.

Í lok könnunarinnar er þátttakendum boðið að prenta út svörin sín og er mælt með því að það sé gert ef þarf að vísa í svör síðar meir.

Könnunin heitir:

"Könnun um skjalageymslur afhendingarskyldra aðila ríkisins"

Til að taka þátt, vinsamlegast smelltu á hlekkinn hér fyrir neðan.

<http://konnun.skjalasafn.is/index.php/615357?token=vTvfYFXapDCayAt&lang=is>

Virðangarfyllst,

Árni Jóhannsson, skjalavörður
Þjóðskjalasafn Íslands
Laugavegur 162, 105 Reykjavík
Sími 590 3300 / 590 3321
arni@skjalasafn.is - www.skjalasafn.is

Um trúnað í tölvupóstsamskiptum: <http://skjalasafn.is/disclaimer>

Viðauki 3 – Listi yfir þá sem könnunin náði til

Deir aðilar sem svöruðu könnuninni

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	Héraðsdómur Vesturlands
Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið	Héraðssaksóknari
Bankasýsla ríkisins	Heyrnar- og talmeinstöð Íslands
Barnaverndarstofa	Hljóðbókasafn Íslands
Bjargráðasjóður	Hólaskóli - Háskólinn á Hólum
Borgarholtsskóli	Hugverkastofan
Dómsmálaráðuneytið	Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
Dómstólasýslan	Isavia ohf.
Embætti landlæknis	Íslandsbanki hf.
Fangelsismálastofnun ríkisins	Íslandspóstur hf.
Félagsmálaráðuneytið	Íslenskar orkurannsóknir
Ferðamálastofa	Íslenski dansflokkurinn
Fiskistofa	Jafnréttisstofa
Fjármála- og efnahagsráðuneytið	Kærunefnd útlendingamála
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	Kvennaskólinn í Reykjavík
Fjölbrautaskóli Snæfellinga	Kvikmyndamiðstöð Íslands
Fjölbrautaskóli Suðurlands	Landbúnaðarháskóli Íslands
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	Landgræðsla ríkisins
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Landhelgisgæsla Íslands
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Landmælingar Íslands
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	Landsbankinn hf.
Fjölmenningarsetur	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn
Fjölmíðlanefnd	Landskerfi bókasafna hf.
Forsætisráðuneytið	Landspítali
Framhaldsskólinn á Laugum	Landsréttur
Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	Listasafn Einars Jónssonar
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Listasafn Íslands
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	Lögreglustjóri á Austurlandi
Geislavarnir ríkisins	Lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu
Gljúfrasteinn - hús skáldsins	Lögreglustjóri á Norðurlandi eystra
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	Lögreglustjóri á Norðurlandi vestra
Hæstiréttur Íslands	Lögreglustjóri á Suðurlandi
Hagstofa Íslands	Lögreglustjóri á Suðurnesjum
Happdrætti Háskóla Íslands	Lögreglustjóri á Vestfjörðum
Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús	Lögreglustjóri á Vesturlandi
Háskóli Íslands	Lögreglustjóri í Vestmannaeyjum
Háskólinn á Akureyri	Lyfjastofnun
Heilbrigðisráðuneytið	Matís
Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Matvælastofnun
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Menntamálastofnun
Heilbrigðisstofnun Vestjarða	Menntasjóður námsmanna
Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Menntaskólinn á Akureyri
Héraðsdómur Austurlands	Menntaskólinn á Egilsstöðum
Héraðsdómur Norðurlands eystra	Menntaskólinn á Ísafirði
Héraðsdómur Norðurlands vestra	Menntaskólinn á Tröllaskaga
Héraðsdómur Reykjaness	Menntaskólinn að Laugarvatni
Héraðsdómur Reykjavíkur	Menntaskólinn í Kópavogi
Héraðsdómur Suðurlands	Menntaskólinn í Reykjavík
Héraðsdómur Vestjarða	Menntaskólinn við Hamrahlið

Menntaskólinn við Sund
 Minjastofnun Íslands
 Náttúruhamfaratrygging Íslands
 Neyðarlínan
 Orkubú Vestfjarða
 Orkustofnun
 Öryggisfjarskipti
 Persónuvernd
 Rannsóknamiðstöð Íslands
 Rannsóknanefnd samgönguslysa
 Rarik ohf.
 Raunvísindastofnun Háskólans
 Ríkiseignir
 Ríkislögreglustjóri
 Ríkissaksóknari
 Ríkissáttasemjari
 Ríkisútvarpið ohf.
 Samgöngustofa
 Samkeppniseftirlitið
 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og
 heyrnarkertra
 Sinfóníuhljómsveit Íslands
 Sjúkrahúsið á Akureyri
 Sjúkratryggingar Íslands
 Skatturinn
 Skipulagsstofnun
 Skógræktin
 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
 Stofnun Vilhjálms Stefánssonar
 Sýslumaðurinn á Austurlandi
 Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðisinu
 Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
 Sýslumaðurinn á Suðurlandi
 Sýslumaðurinn á Suðurnesjum

Neytendastofa
 Nýr Landspítali ohf.
 Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins
 Óbygðanefnd
 Sýslumaðurinn á Vesturlandi
 Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
 Þjóðgarðurinn á Þingvöllum
 Þjóðkirkjan - Biskupsstofa
 Þjóðleikhúsið
 Þjóðminjasafn Íslands
 Þjóðskjalasafn Íslands
 Þjóðskrá Íslands
 Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda,
 sjónskerta og dauflinda
 Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.
 Tryggingastofnun ríkisins
 Umboðsmaður barna
 Umboðsmaður skuldara
 Umbra – þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins
 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
 Umhverfisstofnun
 Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
 Úrskurðarnefnd velferðarmála
 Úrvinnslusjóður
 Útlendingastofnun
 Vatnajökulþjóðgarður
 Veðurstofa Íslands
 Vegagerðin
 Verðlagsstofa skiptaverðs
 Verkmenntaskóli Austurlands
 Verkmenntaskólinn á Akureyri
 Vinnueftirlit ríkisins
 Vinnumálastofnun
 Vísindagarðurinn

Þeir aðilar sem svöruðu ekki könnuninni

Bygðastofnun
 Fjársýsla ríkisins
 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ
 Flensborgarskólinn í Hafnarfirði
 Framhaldsskólinn á Húsavík
 Hafrannsóknastofnun
 Heilbrigðisstofnun Austurlands
 Heilbrigðisstofnun Norðurlands
 Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins
 Kvikmyndasafn Íslands
 Landsvirkjun hf.
 Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Náttúrufræðistofnun Íslands
 Náttúruminjasafn Íslands
 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn
 Póst- og fjarskiptastofnun
 Ríkiskaup
 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
 Seðlabanki Íslands
 Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
 Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
 Tilraunastöð Háskólans að Keldum
 Utanríkisráðuneytið



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

September 2021